

FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Dagur hinna villtu blóma

19. júní 2005

Ákveðið hefur verið að halda dag hinna villtu blóma á Norðurlöndunum þann 19. júní árið 2005. Deginum hefur verið seinkað um viku til að koma til móts við hin norðlægari svæði þar sem gróður er oft kominn stutt á veg svona snemma á vorin.

Vonandi verða þeir leiðbeinendur sem tóku þátt í að skipuleggja daginn á síðasta ári, reiðubúnir að endurtaka leikinn í ár. En jafnframt vil ég hér með auglýsa eftir fleiri leiðbeinendum svo að skoðunarferðir geti orðið enn víðar á landinu. Best er að senda mér tölvupóst á netfangið hkris@nett.is. Þá mun ég senda verðandi leiðbeinendum nánari upplýsingar um fyrirkomulag dagsins. Ég vil einnig taka fram að það er engin þörf á að væntanlegir leiðbeinendur þekki allar plöntur á svæðinu. Allir eiga að hjálpast að við að greina þær tegundir sem enginn þekkir fyrir.

Dagur hinna villtu blóma er stílaður upp á að fá sem flesta nýja þátttakendur með, sem lítið þekkjast fyrir og ekki hafa áður lagt sig eftir að greina plöntur, og koma þeim upp á bragðið.

Eins og áður er gert ráð fyrir að skoðunarferðin taki um tvo tíma en getur verið hvort heldur er fyrir eða eftir hádegi, eða jafnvel að kvöldinu, allt eftir því hvað hentugast þykir á hverjum stað. Nánari upplýsingar má finna undir flóruvinir á www.floraislands.is.

Framtíð Flóruvina

Fyrir nokkrum árum þegar vinnuhópi flóruvina var komið á fót var tekin sú stefna að hafa hann óformlegan, án félagsgjalda og án kjörinnar stjórnar. Af samstarfi við svipaða starfshópa á hinum Norðurlöndunum hefur komið fram viss hvatning til að stofna formlegt félag með kennitölu, félagsgjöldum og lýðræðislega kjörinni stjórn. Þetta er meðal annars forsenda fyrir því, að flóruvinir geti þegið hluta af sameiginlegum styrk frá Norðurlandaráði til starfsemi sinnar og mætt þannig kostnaði sem getur orðið af Degi hinna villtu blóma. Þátttaka okkar, ásamt Færeyinga og Grænlandinga, opnar mun betri möguleika á að félögin sækja sameiginlega um styrkveitingu frá norrænum sjóðum sem um leið auðveldar félögunum að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Félagsgjöld opna einnig betri möguleika á fjölbreyttara félagsstarfi, námskeiðum og skoðunarferðum.

Á norðurlöndunum þrem, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, starfa rótgróin og gömul félög með sama markmið og flóruvinir, þ.e. að vinna að rannsóknum á flórunni og verndun hennar, skipuleggja öflun upplýsinga um útbreiðslu plantna og stuðla að auknum áhuga almennings á plöntum. Nafn þessara félaga er Norsk-, Svensk- og Dansk Botanisk Forening. Á Finnlandi og í Færeyjum er unnið að undirbúningi að stofnun slíkra félaga og hér með er þessi hugmynd kynnt fyrir flóruvinum á Íslandi.

Við fyrstu skoðun virðist mér eðlilegra að


útvíkka og efla félag flóruvina í þessum tilgangi, heldur en að leggja flóruvini niður og stofna nýtt félag, t.d. undir nafninu Grasafræðifélag Íslands. Ljóst er að markmið þessa nýja félags mundi verða að mestu leyti það sama og flóruvina og kjarni meðlima þess mun eflaust verða að miklu leyti sá sami. Það mun eftir sem áður byggja á samstarfi leikmanna og sérfræðinga, allra þeirra sem áhuga hafa á að auka við þekkingu okkar á flóru Íslands, stuðla að verndun plantna og efla þekkingu almennings á þeim.

Ég vil hér með koma þessari hugmynd á framfæri og kanna viðhorf flóruvina til hennar. Sjálfur hef ég trú á að þetta geti orðið til að efla samstarf flóruvina og auka kynningu milli þeirra, bæði svæðisbundið og á landsvísu. Auk þess mundi það tryggja mun betur framtíð flóruvina og stuðla að því að starfsemi þeirra haldi áfram þótt sá er þetta ritar hverfi af vettvangi. Það auðveldar þeim einnig að standa undir eigin vefsíðu, stækka Ferlaufung sem mál gagn flóruvina og auka fjölbreytni þess efnis sem hann birtir.

Sumir mundu kannske spyrja sem svo, hvort það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að vinna að rannsóknum á útbreiðslu plantna um

landið. Því er hins vegar til að svara, að sú útvinnna sem slíkt starf krefst, er stofnuninni algjörlega ofviða fjárhagslega, vegna þess kostnaðar sem á slíka vinnu hleðst með dagpeningum og yfirvinnu. Sá árangur sem þegar hefur náðst með útbreiðslukortum plantna eftir 10 x 10 km reitkerfi, hefði aldrei orðið að veruleika ef ekki hefði komið til mjög mikil sjálfböðavinnna margra áhugamanna og sérfræðinga alla síðustu öld, stundum með smávægilegum ferðastyrkjum frá ýmsum menningarsjóðum. Svipuð er reynslan á hinum Norðurlöndunum, t.d. er nú í gangi áttak í Danmörku í að kortleggja útbreiðslu plantna eftir 5 x 5 km reitkerfi og er það verk alfarið byggt á starfi meðlima í Dansk Botanisk Forening. Reynslan sýnir að margir eru reiðubúnir að leggja hönd á plóginn og sameina holla útivist með áhugasviði sínu og vinna um leið þarft verk. Til þess að gefa flóruvinum betri hugmynd um hvernig mætti hugsa sér þessa starfsemi hér á landi vil ég skýra þetta ofurlítið nánar.

Frumskilyrði til að félagið virki eins og til er ætlast, er að það starfi í öllum landshlutum. Því tel ég vænlegast að stofnaðar verði deildir í sem flestum landshlutum og hver þeirra kjósi sér



1. Mynd. Útbreiðslukort yfir flóruvini á Íslandi eftir hinu klassíska 10 x 10 km reitkerfi. Litlir hringir tákna einstaka félagsmenn, hringir með punktum inni í standa fyrir 2-4 félagsmenn í sama reit, en stórir punktar tákna 5 eða fleiri í sama reit. Stóru punktarnir tveir á höfuðborgarsvæðinu standa fyrir 35 og 40 félag, á Akureyri 14, en 5 á Egilsstöðum.

þriggja manna stjórn sem hafi yfirumsjón með starfinu í þeim landshluta. Allar deildirnar þyrftu síðan í sameiningu að velja sér stærri landstjórn sem hefði með höndum samræmingu starfs hinna einstöku deilda, sæi um skipulag og úrvinnslu gagna í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, og um samskipti við erlend félög.

Staðsetning og stærð starfsvæða mun í fyrstu a.m.k. verða að ráðast nokkuð af fjölda og staðsetningu félagsmanna og af vegalengdum. Æskilegt er að félagssvæðin séu ekki stærri en svo að félagar geti hist á fundum eða vettvangsferðum án þess að aka meira en 1-2 tíma. Afar óráðlegt væri að stofna aðeins eitt félag fyrir landið allt, sem óhjákvæmilega yrði þá staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Reynslan af slíkri félagsstarfsemi er ætíð sú, að það er aðeins virkt í nágrenni höfuðborgarinnar svo sem mörg dæmi sýna.

Best er að hinar einstöku félagsdeildir verði sem sjálfstæðastar í að skipuleggja sitt eigið félagsstarf svo að hugmyndaflug og frumkvæði meðlima fái að njóta sín sem best og geti leitt til vissrar samkeppni milli þeirra. Mér finnst Norska grasfræðifélagið henta okkur vel sem fyrirmynd. Það starfar í 11 sjálfstæðum deildum vítt og breitt um Noreg. Norðurnorska grasfræðifélagið nær að vísu yfir gífurlega aflangt landsvæði og hlýtur að vera erfitt að halda því saman.

Sem dæmi um starfsemi norsku félaganna má nefna að mörg þeirra eru með samvinnuverkefni í gangi til að afla upplýsinga um útbreiðslu plantna. Það getur verið fólgið í því, að félagar koma saman að sumrinu á einhverjum stað, skipta sér niður á ákveðin svæði eða reiti og skrá þar allar plöntur. Þá er því gjarnan komið þannig fyrir, að tveir og tveir vinna saman, a.m.k. annar með góða plöntuþekkingu og hinn oft að læra af verkinu. Á kvöldin hittast svo hóparnir og bera saman niðurstöður og hafa ef-laust plöntur í pokahorninu sem þarf að greina eða sýna þeim sem færastir eru.

Á veturna er stundum efnt til myndasýninga eða fyrirlestra um áhugavert efni og blóma-skoðunarferðir yfir sumartímenn. Æskilegt er að auglýsa alla slíka viðburði á sameiginlegri vefsíðu svo félagar úr öðrum deildum geti einnig tekið þátt í starfsemi á fjarlægum slóðum ef

verkast vill.

Ég sé það fyrir mér, að þetta mundi verða til að lifga upp á starfið og gera það skemmtilegra og auka samskipti milli félaga með sameiginleg áhugamál. Ef þessum breytingum yrði komið á, og raunar hvort sem er, væri sjálfsagt að nota tækifærið og fjölga meðlimum í leiðinni. Því væri gott ef flóruvinir á hverju svæði vildu horfa í kring um sig eftir nýjum, áhugasömum félögum, sem líklegir eru til að ganga til liðs við starfsemina. Til að auðvelda yfirsýn yfir hópinn fylgir þessu blaði ný skrá yfir flóruvini, röðuð eftir póstnúmerum.

Nú vil ég spyrja flóruvini sjálfa: Hafið þið áhuga á að breyta félaginu í þessa átt eða ekki? Vinsamlegast sendið mér skeyti á hkris@ni.is og færið rök fyrir ykkar máli. Fáí ég jákvæð viðbrögð frá meirihluta félagsmanna, mun ég beita mér fyrir því að þessi hugmynd verði að veruleika og gera tillögur að lagaramma fyrir félagið sem síðan mætti senda út til skoðunar.

Dagur hinna villtu blóma 2004

Dagur hinna villtu blóma, sem árlega hefur verið haldinn á hinum Norðurlöndunum, var haldinn á Íslandi í fyrsta sinn 13. júní 2004. Að þessu sinni var hann haldinn á níu stöðum á landinu með 92 þátttakendum að leiðbeinendum undanskildum. Þessir níu staðir voru Háibjalli á Suðurnesjum, Hvanneyri, Bolungarvík, Ísafjörður, Sævangur við Steingrímsfjörð, Hólar í Hjaltadal, Dalvík, Krossanesborgir við Akureyri og Selskógur á Egilsstöðum. Nánari upplýsingar má finna á www.floraislands.is á svæði flóruvina. Ekki er hægt að segja annað en þetta sé góð byrjun hjá okkur Íslendingum. Þó vekur athygli að engin þessara ferða var skipulögð í höfuðborginni eða næsta nágrenni hennar þar sem flóruvinir eru þó fjölmennastir. Skýringin er sú að leiðbeinendur voru afar uppteknir á þessum degi, ýmist í útlöndum eða bundnir öðrum verkefnum. Vonandi tekst betur til næst.

Dagur hinna villtu blóma var einnig haldinn á mörgum stöðum á hinum Norðurlöndunum sama dag 2004 og einnig í Færeyjum. Grænland datt hins vegar út en þar var dagurinn haldinn árið 2003.

Flóruvefsíðan

Nýlega er búið að uppfæra útbreiðslukort blómplantna og byrkninga á flóruvefsíðunni www.floraislands.is og eru nú útbreiðslukort komin fyrir nær allar villtar tegundir og marga ílenda slæðinga. Þessi vefsíða er öllum opin án lykilorðs, bæði flóruvinum og öðrum. Þar sem nánast allt efni gömlu síðunnar á slóðinni www.ni.is/flora er nú komið á þá nýju, og meira til, er gert ráð fyrir að leggja niður gömlu síðuna og loka henni. Þá þurfa flóruvinir ekki lengur að nota lykilorðið sem þeim var úthlutað í upphafi, heldur geta þeir skoðað útbreiðslu einstakra tegunda á nýju vefsíðunni. Þar er jafnframt sérstök upplýsingasíða fyrir flóruvini og á henni er einnig kynntur Dagur hinna villtu blóma og fleira efni sem tengist flóruvinum.

Í framhaldinu verður bætt við fleiri útbreiðslukortum fyrir fléttur og mosa og einnig verður smátt og smátt bætt við fleiri tegundum eftir því sem myndasafnið stækkar. Ef flóruvinir búa yfir einhverri reynslu af plöntum sem þeir vilja koma á framfæri, upplýsingum um áhuga-verðar plöntur á óvenjulegum stöðum eða hvað annað sem þeim tengist þá vil ég hvetja til að senda mér þess háttar til birtingar í Ferlaufungi. Gjarnan mætti senda slíkt efni í tölvupósti.

Slæðingar frá ræktun

Ég hef áður vakið athygli á því í Ferlaufungi, að upplýsingar um slæðinga eru vel þegnar, vegna þess að sumir þeirra eru sífellt að birtast á nýjum og nýjum stöðum og dreifast smátt og smátt. Þetta gildir meðal annars um þistil, skógarkerfil, spánarkerfil, akurarfa, hlaðkollu, vætúdnurt og fleiri plöntur sem óvart slæðast með varningi, búfé og vélum, eða með vindinum. Nú vil ég hins vegar gera að umtalsefni ræktaðar plöntur, hvort heldur er í ræktun skóga, skjólbelta eða skrudgarða.

Flestar erlendar plöntur sem ræktaðar eru í skrudgördum dreifast ekki út um hagann, færa sig í mesta lagi til innan garðsins og milli beða.

Margar tegundir þroska þó fræ í ræktun, og örfáar eiga það til að dreifa sér út fyrir garðana, og sumar spjara sig nokkuð úti um hagann í hinni villtu náttúru. Dæmi um þetta eru dagstjarna, garðasól, roðafífill, höfuðklukka, og nú í seinni tíð einnig apablóm og síberíugrýta. Dagstjarna dreifir sér víða út frá bæjum, og finnst stundum meðfram vegum alllangt frá þeim stöðum sem hún hefur verið ræktuð. Garðasól sá ég nýlega í gryfjum og klettum meðfram ströndinni utan við Hauganes við Eyjafjörð. Þar hafði hún dreift sér um allstórt svæði og undi sér vel sem klettajurt innan um steinbrjóta. Fræ roðafíffilsins fjúka auðveldlega alllangar leiðir, og nemur hann stundum land á nýjum stöðum. Höfuðklukka dafnar enn vel í mómum umhverfis kirkjugarðinn á Hesteyri í Jökulfjörðum, blómstrar mikið og dreifir sér þótt hægt fari. Þó eru liðin ein 60 ár síðan byggð fór í eyði á þessu svæði. Apablóm hefur vakið athygli á nokkrum stöðum, þar sem það hefur spjarað sig í villtu landi, enda afar skrautleg jurt og áberandi. Ég vil biðja flóruvini að hafa vakandi auga með þessum plöntum, og gjarna láta vita af þeim þar sem þær eru farnar að dreifa sér og vaxa villtar.

Svipað má segja um sumar trjáplöntur sem eru á góðri leið með að verða fullgildir borgarar í landi voru. Þar fer fremst í flokki viðjan en hún er duglegust allra erlendra trjáa að sá sér út. Viðjufræið fýkur langar leiðir og það sem meira er, það getur spírað og vaxið upp jafnvel í þéttum grassverði. Fræ alaskavíðis, alaskaaspar og selju er jafnlétt og berst víða en þessar tegundir þurfa venjulega gisinn gróður eða smá moldarbletti til að komast á legg. Oftast má finna þessar plöntur meðfram nýgerðum vegum, þar sem þær nota sér röskun vegagerðarinnar sem set fyrir fræið. Lerki, sitkagreni og stafafura eru einnig dæmi um trjátegundir sem töluvert eru farnar að sá sér út um hagann í nágrenni fræfallandi trjáa.

Upplýsingar um vel staðfesta sjálfsáningu eru vel þegnar, því þetta gerist sífellt víðar um landið, og við viljum fylgjast með dreifingu þessara plantna.



N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Bor gum við Norðurslóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími